

Umhverfisstofnun
Áb. <i>BS</i>
<b>27 OKT. 2007</b>
<i>54.53</i>
Tilv. <i>UST20071000098</i>

Skipulagsstofnun  
Rut Kristinsdóttir  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



**UST**

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24  
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000  
Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is  
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 25. október 2007  
Tilvísun: UST20071000098/bs

## Tillaga að matsáætlun. Bakkafjöruhöfn, Bakkafjöruvegur (254) og grjótnám á Seljalandsheiði í Rangárfingi eystra. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 2. október 2007 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreindar framkvæmdir.

Hér er um að ræða byggingu brimvarnargarða vegna Bakkafjöruhafnar og grjótnámi í Seljalandsheiði. Vegalagningu vegar frá Hringvegi 1 að Bakkafjöru og efnistöku úr Markarfljótsaurum vegna beggja þessara framkvæmda.

Fyrirhuguð vegalagning og efnistaka úr markarfljótsaurum er að miklu leiti innan svæðis nr. 719 á náttúruminjaskrá, Tjarnir og Tjarnanes. Hluti þessa svæðis er einnig á skrá sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við ofangreindar framkvæmdir:

**Vegagerð:** Umhverfisstofnun telur að leggja eigi fram fleiri valkosti varðandi veglínur frá Hringvegi að Bakkafjöru. Sérstaklega er bent á að nýta þau vegsvæði sem fyrir eru. Bent skal á að ef vegur að Hólmabæjum væri nýttur að hluta sem aðkoma að Bakkafjöru myndi fyrirhugaður vegur liggja nærri vesturjaðri svæðis á náttúruminjaskrá.

Umhverfisstofnun telur einnig að rökstyðja þurfi hvers vegna fyrirhugað sé að byggja jafn efnismikinn veg og raun ber vitni fyrir þá umferð sem áætlað er að fari um þennan veg og jafnframt eigi að meta hvort endurbættir núverandi vegir geti tekið við þessari umferð.

**Efnistaka:** Umhverfisstofnun telur að fjalla eigi um aðra staðsetningu á námu N 26, en þá sem gert er ráð fyrir tillögu að matsáætlun, sem annaðhvort er á jaðri svæðis á náttúruminjaskrá eða utan þess.

**Grjótnáma:** Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrðu þurfi að fjalla um umfang grjótnáms eins nákvæmlega og mögulegt er og gera grein fyrir hvernig frágangi á námu og námuvegum verður háttáð.

Að öðru leiti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við tillögu að matsáætlun.

Virðingarfyllst  
*Björn Stefánsson*  
Björn Stefánsson

*Helgi Jensson*  
Helgi Jensson  
Forstöðumaður